

## REGLUGERÐ

### um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

#### 1. gr.

Innflutningur á landbúnaðarvörum, sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning skal leita álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins á því hvort innlend framleiðsla fullnægi neyslubörfinni og tillagna um innflutninginn. Alit Framleiðsluráðs landbúnaðarins skal liggja fyrir innan tíu daga frá því þess var óskað og m.a. bera með sér hvort og þá hve lengi innflutningsheimildin skal gilda. Áður en leitað er álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins skal þess jafnan gætt að innflutningur vörunnar sé ekki óheimill skv. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara er þó heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópusambandsins (ESB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (BG), Ísrael (IL), Póllandi (PL), Rúmeníu (RO), Tékklandi og Slóvakíu (TSSL), Tyrklandi (TR), og Ungverjalandi (HU):

Tollskrárn.	Vörutegund	Ríki
<b>0201</b>	<b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt:</b>	
0201.1000 –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0201.2000 –	Sneitt á annan hátt, með beini	
0201.3000 –	Beinlaust	
<b>0202</b>	<b>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:</b>	
0202.1000 –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0202.2000 –	Sneitt á annan hátt, með beini	
0202.3000 –	Beinlaust	
<b>0203</b>	<b>Svínakjöt, nýtt, kælt eða fryst:</b>	
–	Nýtt eða kælt:	
0203.1100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0203.1200 – –	Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
0203.1900 – –	Annað	
–	Fryst:	
0203.2100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0203.2200 – –	Læri, bógur og sneiðar af því, með beini	
0203.2900 – –	Annað	
<b>0204</b>	<b>Kinda- eða geitakjöt, nýtt, kælt eða fryst:</b>	
0204.1000 –	Lambaskrokkar, heilir og hálfir, nýir eða kældir	
–	Annað kindakjöt, nýtt eða kælt:	
0204.2100 – –	Skrokkar og hálfir skrokkar	
0204.2200 – –	Sneitt á annan hátt, með beini	

- 0204.2300 -- Beinlaust  
 0204.3000 -- Lambaskrokkar, heilir og hálfir, frystir  
 -- Annað kindakjöt, fryst:  
 0204.4100 -- Skrokkar og hálfir skrokkar  
 -- Sneitt á annan hátt, með beini:  
 0204.4201 -- Svið (sviðahauser)  
 0204.4209 -- Annað  
 0204.4300 -- Beinlaust  
 0204.5000 -- Geitakjöt
- 0205 0205.0000 Kjöt af hrossum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst**
- 0206 Ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínnum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
- 0206.1000 -- Af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt  
 -- Af dýrum af nautgripakyni, fryst:  
 0206.2100 -- Tunga  
 0206.2200 -- Lifur  
 0206.2900 -- Annað  
 0206.3000 -- Af svínnum, nýtt eða kælt  
 -- Af svínnum, fryst:  
 0206.4100 -- Lifur  
 0206.4900 -- Annað  
 0206.8000 -- Annað, nýtt eða kælt  
 0206.9000 -- Annað, fryst
- 0207 Kjöt og ætir hlutar af alifuglum í nr. 0105, nýtt, kælt eða fryst:**
- 0207.1000 -- Alifuglar ekki skornir í hluta, nýir eða kældir  
 -- Alifuglar ekki skornir í hluta, frystir:  
 0207.2100 -- Hænsni af tegundinni Gallus domesticus  
 0207.2200 -- Kalkúnar  
 0207.2300 -- Endur, gæsir og perluhænsni  
 -- Sneiðar og hlutar af alifuglum (einnig lifur), nýtt eða kælt:  
 0207.3100 -- Fitulifur gæsa og anda  
 0207.3900 -- Annað  
 -- Sneiðar og hlutar af alifuglum annað en lifur, fryst:  
 0207.4100 -- Af hænsnum af tegundinni Gallus domesticus  
 0207.4200 -- Af kalkúnnum  
 0207.4300 -- Af öndum, gæsum eða perluhænsnum  
 0207.5000 -- Alifuglalifur, fryst
- Úr 0208 Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**
- 0208.1000 -- Af kaninum eða hérum  
 0208.9003 -- Rjúpur, frystar  
 0208.9005 -- Selkjöt, fryst  
 0208.9006 -- Hreindýrakjöt, fryst
- Úr 0208.9009 -- Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir
- 0209 0209.0000 Svínafita án magurs kjöts og alifuglafita (óbrædd), ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**
- Úr 0210 Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:**
- Svínakjöt:  
 0210.1100 -- Læri, bógur og sneiðar úr því, með beini  
 0210.1200 -- Slög og sneiðar af þeim  
 0210.1900 -- Annað  
 0210.2000 -- Kjöt af dýrum af nautgripakyni  
 -- Annað, þar með talið ætt mjöl, einnig fínmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum:  
 0210.9001 -- Alifuglalifur, þurrkuð eða reykt  
 0210.9002 -- Kindakjöt, saltað  
 0210.9003 -- Kindakjöt, reykt (hangikjöt)
- Úr 0210.9009 -- Annars, þó ekki hvalkjöt og hvalafurðir

- 0401** **Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**  
 0401.1000 – Með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1% miðað við þyngd  
 0401.2000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd  
 0401.3000 – Með fituinnihaldi sem er meira en 6% miðað við þyngd
- 0402** **Mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**  
 0402.1000 – Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er ekki meira en 1,5% miðað við þyngd  
 – Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi sem er meira en 1,5% miðað við þyngd:  
 0402.2100 – – Án viðbættis sykurs eða annars sætiefnis  
 0402.2900 – – Annað  
 – Annað:  
 0402.9100 – – Án viðbættis sykurs eða annars sætiefnis  
 0402.9900 – – Annars
- 0403** **Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:**  
 – Jógúrt:  
 0403.1001 – – Kakaóblandað ESB, EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL  
 0403.1002 – – Blandað með ávöxtum eða hnetum  
 0403.1003 – – Drykkjarjógúrt PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL  
 0403.1004 – – Bragðbætt, ót.a.  
 0403.1009 – – Annað  
 – Annað:  
 0403.9001 – – Kakaóblandað ESB, EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL  
 0403.9002 – – Blandað með ávöxtum eða hnetum EFTA  
 0403.9003 – – Drykkjarvara EFTA, PL, TSSL, RO, HU, BG, TR, IL  
 0403.9004 – – Bragðbætt, ót.a. EFTA  
 0403.9009 – – Annars
- 0404** **Mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni; vörur úr náttúrulegum efnisþáttum mjólkur, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, ót.a.:**  
 0404.1000 – Mysa og umbreytt mysa, einnig kjörnuð eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni  
 0404.9000 – Annað
- 0405** **0405.0000 Smjör og önnur fita og olía fengið úr mjólki**
- 0406** **Ostur og ystingur:**  
 0406.1000 – Nýr ostur (óþroskaður eða ógerjaður), einnig mysuostur og ystingur  
 0406.2000 – Hvers konar rifinn eða mulinn ostur  
 0406.3000 – Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn  
 0406.4000 – Gráðostur  
 0406.9000 – Annar ostur
- 0407** **0407.0000 Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin**
- 0408** **Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:**  
 – Eggjarauða:  
 0408.1100 – – Þurrkuð  
 0408.1900 – – Önnur  
 – Annað:  
 0408.9100 – – Þurrkað  
 0408.9900 – – Annars
- 0410** **0410.0000 Ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.**
- Úr 0602** **Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:**  
 – Annað:  
 Úr 0602.9900 – – Tré og runnar, ót.a.
- 0604** **Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa, og grös, mosi**

- og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:
- 0604.9101 -- Jólatré, án rótar; jólatrésgreinar
- 1601** Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum:
- 1601.0001 -- Blóðmör og lifrarpýlsa
- 1601.0009 -- Annað
- 1602** Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum:
- 1602.1000 -- Jafnblönduð matvæli
- 1602.2000 -- Úr dýralifur
- Úr alifuglum í nr. 0105:
- 1602.3100 -- Úr kalkún
- 1602.3900 -- Annað
- Úr svínum:
- 1602.4100 -- Læri og lærissneiðar
- 1602.4200 -- Bógur og bógsneiðar
- 1602.4900 -- Annað, þar með taldar blöndur
- 1602.5000 -- Úr nautgripum
- 1602.9000 -- Annars, þar með talin framleiðsla úr hvers konar dýrablóði
- Úr 1902** Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, raviólí, kannellóní; couscous, einnig unnið:
- Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:
- 1902.2002 -- Með fyllingu sem inniheldur að magni til meira en 20% miðað við þunga af pylsum, kjöti, hlutum af dýrum eða blóði eða blöndum af því
- 2103** Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbættiefni; mustarösmjöl, fin- eða gröfmalað, og unninn mustarður:
- Annað:
- Úr 2103.9009 -- Annars, sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt miðað við þunga EFTA
- 2104** Súpur og seyði og framleiðsla í það; jafnblönduð samsett matvæli:
- Súpur og seyði og framleiðsla í það:
- Úr 2104.1004 -- Aðrar súpur sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt  
ESB, EFTA, BG, IL, PL, RO, TSSL, TR, HU
- Úr 2104.1009 -- Annað sem inniheldur að magni til meira en 20% kjöt  
ESB, EFTA, BG, IL, PL, RO, TSSL, TR, HU
- Jafnblönduð samsett matvæli:
- 2104.2001 -- Sem innihalda að magni til meira en 20% kjöt eða kjötúrgang miðað við þunga
- Úr 2105** Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi:
- Úr 2105.0001 -- Sem inniheldur kakaó, úr mjólkurafurðum
- Úr 2105.0009 -- Annar, úr mjólkurafurðum
- Úr 2106** Matvæli, ót.a.:
- 2106.9049 -- Framleiðsla að meginstofni úr feiti og vatni sem inniheldur meira en 15% af smjöri eða annarri mjólkurfitu miðað við þyngd

## 2. gr.

Innflutningur landbúnaðarvara, sem tilgreindar eru hér að neðan og tollflokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, er óheimill án leyfis landbúnaðarráðherra, sbr. 53. gr. laga nr. 99/1993.

Innflutningur neðangreindra landbúnaðarvara er þó heimill frá eftirtöldum ríkjum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga, eftir því sem nánar er merkt við hvern vörulið: Ríkjum Evrópusambandsins (ESB), ríkjum EFTA, Búlgaríu (BG), Ísrael (IL), Póllandi (PL), Rúmeníu (RO), Tékklandi og Slóvakíu (TSSL), Tyrklandi (TR), og Ungverjalandi (HU):

Tollskrárn.	Vörutegund	Ríki
Úr 0601	<b>Blómlaukar, rótarhnyði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoriuplöntur og síkoriurætur, þó ekki síkoriurætur í nr. 1212:</b>	
-	Blómlaukar, rótarhnyði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í vexti eða blóma; síkoriuplöntur og síkoriurætur:	
0601.2002	-- Pottaplöntur	
0601.2009	-- Annað	
Úr 0602	<b>Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:</b>	
0602.1000	-- Græðlingar og gróðurkvistir, án róta	
0602.2000	-- Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur	
0602.3000	-- Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	
0602.4000	-- Rósir, einnig ágræddar	
-	Annað:	
0602.9100	-- Sveppapræðir (Mycelium)	
Úr 0603	<b>Annars, annað en tré og runnar, ótalin annars staðar</b>	
0603	<b>Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:</b>	
-	Nýtt:	
--	Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk, og paradísarfuglablóm:	
0603.1001	-- Innflutt á tímabilinu 1. desember til 30. apríl	ESB
0603.1002	-- Innflutningur á öðrum tíma	
0603.1009	-- Annars	
0603.9000	-- Annað	
Úr 0604	<b>Lauf, greinar og aðrir plöntuhlutar, án blóma eða blómknappa og grös, mosi og skófir, sem notað er í vendi eða til skrauts, nýtt, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt:</b>	
--	Nýtt:	
0604.9109	-- Annað, þó ekki jólatré án rótar og jólatrésgreinar	
0604.9900	-- Annars	
0701	<b>Kartöflur, nýjar eða kældar:</b>	
0701.1000	-- Útsæði	
0701.9000	-- Aðrar	
0702	<b>Tómatar, nýir eða kældir:</b>	
0702.0001	-- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
0702.0002	-- Innflutningur á öðrum tíma	
Úr 0703	<b>Laukur, skalottlaukur, hvítlaukur, blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir, nýjar eða kældar:</b>	
0703.9000	-- Blaðlaukur og aðrar skyldar matjurtir	
0704	<b>Hvítkál, blómkál, hnúðkál, fóðurmergkál og áþekkt ætt kál, nýtt eða kælt:</b>	
0704.1000	-- Blómkál og hnappað spergilkál	
0704.2000	-- Rósakál	
0704.9000	-- Annað	
0705	<b>Salat (Lactuca sativa) og síkoría (Cichorium spp.), nýtt eða kælt:</b>	
-	Salat:	
--	Salat, kálhausar (head lettuce):	
0705.1101	-- Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
0705.1102	-- Innflutningur á öðrum tíma	
0705.1900	-- Annað	
-	Síkoría:	
0705.2100	-- Kaffifílsblöð (Cichorium intybus var. foliosum)	
0705.2900	-- Annað	
0706	<b>Gulrætur, næpur, rauðrófur, hafursrót, seljurót, radísur og áþekkar ætar rætur, nýjar eða kældar:</b>	
0706.1000	-- Gulrætur og næpur	
0706.9000	-- Annað	

<b>0707</b>	<b>Gúrkur og reitagúrkur, nýjar eða kældar:</b>	
0707.0001 –	Innfluttar á tímabilinu 1. nóvember til 1. mars	ESB
0707.0009 –	Innfluttar á öðrum tíma	
<b>Úr 0709</b>	<b>Aðrar matjurtir, nýjar eða kældar:</b>	
0709.3000 –	Eggaldinjurtir	ESB
0709.4000 –	Selja, önnur en seljurót	
	– Sveppir og tröfflur:	
0709.5100 – –	Sveppir	
0709.5200 – –	Tröfflur	
	– Aldin Capsicumættarinnar eða Pimentaættarinnar:	
0709.6001 – –	Allrahanda (pimento)	
	– Paprika:	
0709.6002 – –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB
0709.6003 – –	Innflutningur á öðrum tíma	
0709.6009 – –	Önnur	
0709.7000 –	Spínat, Nýja-Sjálandsspínat og hrímblaðka (garóspínat)	PL, RO, TSSL, TR
	– Annað:	
úr 0709.9002 – –	Kúrbítur, nýr eða kældur	ESB, TSSL, TR, HU
úr 0709.9003 – –	Ólívur, nýjar eða kældar	TR, HU
0709.9009 – –	Annars	
<b>Úr 0710</b>	<b>Matjurtir (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frystar:</b>	
0710.1000 –	Kartöflur	
	– Aðrar matjurtir:	
	– Paprika:	
0710.8001 – –	Innflutningur á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars	ESB, TSSL, RO, TR, HU
0710.8002 – –	Innflutningur á öðrum tíma	TSSL, RO, TR, HU
0710.9000 –	Matjurtablöndur	
<b>Úr 0711</b>	<b>Matjurtir, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvöldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrtingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:</b>	
0711.9001 – –	Kartöflur	
<b>Úr 2004</b>	<b>Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar:</b>	
	– Matjurtir og matjurtablöndur, aðrar en kartöflur:	
2004.9009 – –	Annars	BG
úr 2004.9009 – –	Jarðartískokka	ESB
úr 2004.9009 – –	Grænar eða svartar ólívur	PL, TR
úr 2004.9009 – –	Grænar baunir og belgaldin	PL, TSSL, RO, TR
úr 2004.9009 – –	Framleiðsla úr belgjurtamjöli að meginstofni	ESB
<b>Úr 2005</b>	<b>Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar:</b>	
	– Kartöflur:	
2005.2009 – –	Aðrar en fin- eða grófmalaðar eða flögur	

## 3. gr.

Yfirdýralæknir hefur skv. 3. gr. laga nr. 77/1981 yfirumsjón með aðgerðum gegn smit-sjúkdómum búfjár og innflutningi lifandi dýra og búfjárafurða að því er varðar heilbrigði og hollustuhætti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur skv. rg. 189/1990 eftirlit með innflutningi á plöntum og plöntuafurðum.

## 4. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til varnings sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum og er undanþeginn aðflutningsgjöldum sbr. reglugerð nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir um sama efni nr. 401/1993 og nr. 2/1994.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. maí 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um útgáfu á 2. flokki húsbrefa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

## 1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga nr. 97/1993, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 2. flokk húsbrefa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 2. flokki 1994, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki B kr. 1 000 000,00, í undirflokki C kr. 100 000,00 og í undirflokki D kr. 10 000,00. Vextir í 2. flokki 1994 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

## 2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

## 3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

## 4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 11 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala maímánaðar 1994.

## 5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. maí 1994 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. maí 1994.